

Þjórsárskóli

2006-2008

Skóli á grænni grein



Verkefnisstjóri: Bolette Höeg Koch

Umhverfissáttmáli Þjósárskóla

Yfirmarkmiðin eru að:

- styðja alþjóðlega umhverfisvernd og vekja nemendur til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð.
- nemendur fræðist um mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna.
- skóli og heimili taki höndum saman um að efla ábyrgð nemenda gagnvart nánasta umhverfi sínu.
- örva og efla vitund nemenda um gildi þess að umgangast landið af virðingu.
- nemendur læri um mikilvægi þess að það sem er náttúrulegt hverfi aftur til náttúrunnar og sé endurnýtt.
- umhverfisvitund verði eðlilegur þáttur í menningu og daglegu lífi.

Markmið fyrir 2006-2008

Að nemendur

- kynnist nánasta umhverfi sínu.
- kynnist sögu og menningu á svæðinu.
- læri um gróðurfar.
- fræðist um orkuframleiðslu í sveitafélaginu.
- kynnist breytingum á atvinnu og búsetu.

Áætlun fyrir 2006-2008

- Að skólinn bjóði til sín eldri borgara sem búsettir er í sveitarfélaginu.
- Að fara í gönguferðir í nágrenninu.
- Að nemendur fái fræðslu um Búrfellsvirkjun.
- Að nemendur kynnist landnámi, eldgosum og fleiru sem áhrif hefur haft á byggðina.

Markmið fyrir 2004-2006

- Að minnka orkunotkun með því að:
 - slökkva ljósið þegar farið er út úr stofunni.
 - slökkva ljósið á klósettunum.
 - slökkva á tölvunum eftir daginn.
 - fræða nemendur um orku.
- Að gera nemendur öflugri í moltuvinnslu.
- Að sýna nemendum fram á hagnýti moltugerðar með kartöflurækt í jarðvegi úr moltukössunum við skólann.
- Að auka samstarf við foreldra.

Áætlun fyrir 2004-2006

- Að setja niður kartöflur og taka upp aftur
- Nýta kartöflurnar í skólanum.
- Að senda upplýsingar heim til foreldra.
- Sendu nemendur heim með spurningalista um flokkun sorps á heimilinu.
- Að kenna nemendum um mismunandi orkuframleiðslu.
- Fara með nemendur í heimsókn í virkjanir.

Markmið fyrir 2002-2004

- Að bæta umhverfi skólans.
- Að bæta umhverfisvitund nemenda og virðingu fyrir umhverfinu.
- Að minnka sorpið sem frá okkur fer.
- Að nemendur læri að flokka sorp og spara orku.

Áætlun fyrir 2002-2004

- Að nemendur og starfsfólk:
 - flokki lífrænt rusl.
 - flokki pappír.
 - flokki fernur.
 - slökkvi ljósið þegar farið er út úr stofunni.
- Bæta fræðslu til nemenda og foreldra.
- Hafa umhverfisstefnuna sýnilegri.
- Skipuleggja hreinsunardag í hverfinu.
- Minnka sápu- og handþurrkunotkun.
- Að bílstjórar:
 - drepri á bílunum fyrir utan skólann.
- Að skólinn:
 - kaupri og noti hreingerningarefni sem eru vottuð með umhverfsvottun.



Framkvæmdaáætlun

Umhverfisnefnd skólans er kosin lýðræðislega í 4.-7. bekk. Hún starfar með verkefnisstjóra og heldur reglulega fundi.

Umhverfissáttmálinn hangir uppi í skólanum, þar sem allir, nemendur, starfsmenn og gestir sjá.

Í skólanum flokkum við rusl í neðangreinda flokka. Flokkunin tekur mið af þeim flokkum sem Sorpstöð Suðurlands og Skeiða-og Gnúpverjahreppur bjóða okkur upp á, á gámasvæðinu við Árnes.

Í moltugerðartunnuna fer:

- brauð
- ávextir
- grænmeti
- eggjaskurn
- kaffikorkur
- pappír
- hafragrautur

Moltan úr moltutunnunni er notuð til að setja í beð sem við setjum niður kartöflur í, í vor. Einnig er notuð molta til að skipta um mold fyrir pottaplönturnar sem til eru í skólanum.

Pappír fer:

- Pappír úr tættara á skrifstofunni fer í moltutunnuna.
- Pappír sem notaður hefur verið öðru megin fer í kassa og í notkun.
- Pappír sem er fullnýttur fer í pappírgám Sorpstöðvar Suðurlands.

Fernur og rafhlöður eru settir í gám frá Sorpstöð Suðurlands.

Reynt er að halda handþurrku og handsápunotkun í lágmarki. Á salernunum hanga skilti sem minna á að spara notkun. Á starfmannaklósettunum er búið að hengja upp handklæði aftur, en heilbrigðiseftirlitið leyfir það ekki hjá nemendum.

Með markvissri fræðslu um orkunotkun og orkuframleiðslu hefur verið reynt að halda orkunotkun í lágmarki. Miði er við rofann í kennslustofunum til þess að minna á að slökkva ljósin.

Hreinsun í kringum skólann hefur verið skipulögð þannig að svæðinu hefur verið skipt í 4 hluta. 1.-2. bekkur halda einu svæði hreinu, 3.-4. öðru, 5.-6. enn öðru og 7. bekkur tekur eitt svæði.

Árlega förum við, nemendur og starfsfólk skólans í fræðslu- og landgræðsluferð í samvinnu við Landgræðsluna.

Skilti hanga á skólanum til þess að minna á að hafa bílana ekki í gangi á skólaplaninu. Fræðsla til foreldra, nemenda og annarra sem áhuga hafa er sett á skólatorgið, til þess að stuðla að betri fræðslu.

Fyrirlestrar eru haldnir í skólanum um það þema sem við höfum valið okkur og á þessu ári var það áttahagafræðsla.

Verkefni voru unnin með áttahagaþemað í huga í öllum bekkjum og fræðsluferðir farnar í tengslum við þau.



Kennslumarkmið í Þjórsárskóla

Allar nemendur vinna eftir markmiði skólans en á mismunandi vegu. Markmið um umhverfismennt er innan náttúrufræðimarkmiða í fyrsta til fjórða bekk en sér markmið eru í fimmta til sjöunda.

1.-2.bekkur

Að nemendur:

- læri að þekkja og bera virðingu fyrir nánasta umhverfi sínu.
- læri mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna.
- læri að flokka pappír og lífrænt rusl.

Nemendur hafa unnið verkefni um tré, og ljóstillífun, þeir týndu lauf og bjuggu til tré með laufum á. Nemendur og kennarar fóru í gönguferð upp á Hamra þar sem er víðsýnt yfir sveitina. Þar var skoðað gamalt fjárhús, litið til fjalla, áa og bæja. Nemendur njóta sín mjög vel að leika sér í hrauninu í umhverfi skólans.

3.-4. bekkur

Að nemendur:

- læri að þekkja og bera virðingu fyrir nánasta umhverfi sínu.
- fjalli um hvers vegna það er mikilvægt að spara orku og endurvinna hluti.
- skilji mikilvægi og taki þátt í landgræðslu.

Nemendur gáfu fuglunum í snjónum fóður. Það var mjög gaman að fylgjast með því. Nemendur hafa farið í tvær lengri gönguferðir í umhverfi í kringum skólann. Fyrst fóru þeir með 1. og 2. bekk upp á Hamra. Síðan var farið að Geldingaholti og þar var meðal annars skoðaður reykkofi, fjárhús og skógrækt. Þessum bekkjum hafa í tengslum við námið sitt verið sýndar gamlar myndir úr sveitinni sem sýndu gömul vinnubrögð og vélar.

5.-6.bekkur

Að nemendur:

- flokki pappír, fernur og lífrænt rusl.
- tæmi pappír, sem fullnýttur er, í endurvinnsluflát.
- endurnýti pappír.
- fræði foreldra um umhverfismennt.
- fræðist um orku geri sér grein fyrir hringrás lífrænna efna í náttúrunni.

Nemendur fóru í vettvangsferð út í Hamragil og veiddu lífverur sem síðan voru rannsakaðar í smásjá og víðsjá. Nemendur reiknuðu *Dæmasafn úr sveitinni* í stærðfræði. Þetta dæmasafn var unnið til þess að þjálfa reikningsaðferðir með hugtökum og hugarheim sveitabarnsins að leiðarljósi. Notaðar voru búgreinar sem eru hér í sveit og bæjarnöfnin notuð. Þessir tveir bekkir fóru í gönguferð upp á Hamra með 3. og 4. bekk. Í tengslum við námið hafa þeir lesið Kver um Skálholt og farið þangað og fengið leiðsögn af prestinum.

7. bekkur

Að nemendur:

- flokki pappír, fernur og lífrænt rusl.
- tæmi pappír, sem fullnýttur er, í endurvinnslu ílát.
- endurnýti flíkur í textílmennt.
- endurnýti pappír.
- fræði foreldra um umhverfismennt.
- fræðist um orku geri sér grein fyrir hringrás lífrænna efna í náttúrunni.
- læri að bera virðingu fyrir umhverfinu.

Í textílmennt unnu nemendur úr gömlum flíkum sem þeir komu með í skólann. Gamlar gallabuxur urðu til dæmis að tösku, pilsu eða dúkkukjól. Nemendur reiknuðu *Dæmasafn úr sveitinni* í stærðfræði, sjá umfjöllun í 5.-6. bekk. Einnig unnu nemendur vefrallý um rusl.



Grænfánastarfið í Þjórsárskóla veturinn 2007-2008

Gnúpverjaskóli (eins og skólinn hét fyrir sameiningu) var einn af stofnfélögum Grænfánans, við fengum fyrsta fánann afhentan 2004, síðan 2006 og nú sækjum við aftur um að endurnýja fánann.

Skólaárið 2006-2007 var enginn verkefnisstjóri og þar með ekki unnið markvisst með grænfánann. Nýr skólastjóri kom í skólann haustið 2007, Ingibjörg María Guðmundsdóttir. Með góðri samvinnu skólastjóra, kennara, skólaliða og nemenda tel ég að það hafi tekist að koma starfinu að fullu í gang að nýju.

Í umhverfisnefndinni sitja Díana Ösp Davíðsdóttir fyrir 4. bekk, Águst Guðnason fyrir 5. bekk, Hannes Orri Ásmundsson fyrir 6. bekk og Jón Karl Axelsson fyrir 7. Bekk, Hrafnhildur Ágústsdóttir fyrir ræstítækna og Bolette Höeg Koch verfnisstjóri. Bolette og nemendur hefur fundað reglulega, á fundunum hafa verið líflegar umræður. Nemendur hafa haft áhuga og unnið mjög vel. Kann ég þeim bestu þakkir fyrir skemmtilegt starf í vetur.

Nefndin byrjaði starfið á því að setja sér markmið. Átthagapemað varð fyrir valinu. Það var búið að ræða það í síðustu nefnd og núverandi nefnd ákvað að halda sig við það.

Markmið fyrir 2006-2008

Að nemendur

- kynnist nánasta umhverfi sínu.
- kynnist sögu og menningu á svæðinu.
- læri um gróðurfar.
- fræðist um orkuframleiðslu í sveitafélaginu.
- kynnist breytingum á atvinnu og búsetu.

Áætlun fyrir 2006-2008

- Að skólinn bjóði til sín eldri borgara sem búsettur er í sveitarfélaginu.
- Að fara í gönguferðir í nágrenninu.
- Að nemendur fái fræðslu um Búrfellsvirkjun.
- Að nemendur kynnist landnámi, eldgosum og fleiru sem áhrif hefur haft á byggðina.

Um leið og ný markmið voru sett var rætt um gömlu markmiðin og talið best að kynna þau fyrir nemendum og rifja þau þannig upp vegna þess hversu langt var síðan að þau höfðu verið rædd síðast. Bolette fór inn í bekkina og rifjaði upp með nemendum og starfsfólki, markmiðin okkar.

Starfslið skólans hefur í allan vetur fengið fréttir af starfinu í umhverfisnefndinni og tekið þátt í starfinu.

Næsta skref var að meta skólann og nefndin fór í sameiningu yfir umhverfisgátlista, það eru engar stórar breytingar sem koma fram á honum en þó einhverjar. Gátlistinn er í möppu sem geymir Grænfána verkefni eins og allir fundargerðir. Ýmsu hefur verið bætt við. Við höfum keypt og notað Vita 100% endurnýtanlega poka í staðinn fyrir plastpoka í ruslatunnur í tilraunskyni. Við gefum fuglunum í frosthörkunni. Kennarar eru duglegir að koma hjólandi, gangandi og

jafnvel hlaupandi í skólann. Nemendur eiga sér uppáhalds stað, sumir í nágrenni skólans og aðrir í Þjórsárdal.

Nefndin ákvað að leita eftir fyrirlesara úr hópi eldri borgara í sveitinni, til þess að fræðast um áttahagann. Það varð úr að við fengum Erling Loftsson bónda á Sandlæk til þess að segja okkur frá hvernig sveitin okkar var og hvernig hún hefur breyst. Umhverfisnefndin tók á móti honum í anddyri skólans og bauð honum upp á kaffi. Hann talaði fyrst við 1.-2. bekk, þeir hlustuðu spenntir og voru uppteknir af frásögninni. Það þótti spennandi að heyra sögur af hermannabyggð sem reis með bragga og öllu á Sandlækjarholtinu. Síðan flutti Erlingur tölu fyrir 3.-7. bekk. Margt fróðlegt kom þar fram um samgöngur, leiksýningar, skólann, landbúnaðinn og margt fleira. Eldri nemendur voru uppteknir af samgöngumálum og landbúnaðarvélum. Þetta var mjög fróðlegt, nemendur hlustuðu og spurðu margra spurninga. Við kunnum Erlingi bestu þakkir fyrir komuna og fróðleikinn. Nemendur í 5. og 6. bekk skrifuðu meðal annars þetta eftir heimsóknina:

Hann bjó á Sandlæk og þar voru miklu fleiri á hverju heimili þá en nú. Mjólkurbíllinn ferðaðist með flest allt, hann kom alltaf með allt. Hann ferðaðist í skólann með mjólkurbílnum. Fólkið svaf saman í baðstofunni. Fyrsti bíllinn sem pabbi hans átti var Willy's jeppi. Hann lék sér með bein og á jólunum borðuðu þau hangikjöt.

Allur skólinn fór í haustferð í samvinnu við Landgræðsluna inn í Skriðufellskóg. Þar fengum við leiðsögn af Jóhannesi Hlyni Sigurðssyni. Hann felldi tré fyrir okkur og kenndi okkur að safna könglum. Við fórum með könglana heim í skóla og við ætlum að sá fræjunum í kassa nú í mars.

Margar gönguferðir hafa verið farnar í haust. Einnig sleðaferð nú í vetur og allt þetta eru liðir í að fræða nemendur um umhverfið okkar. Umhverfisnefndin er ákveðin í að halda áfram að setja niður kartöflur á vorin, eins og við gerðum áður. Það er svo gott tækifæri til þess að ræða hringrás náttúrunnar. Með vorinu er áætlað að fara í gönguferð meðfram Kálfá á umhverfisstíg sem Bolette er búin að skipuleggja. Farið verður í Búrfellsvirkjun og þegin fræðsla þar.

Við nýtum okkur ýmsa miðla til að vinna að grænfanamarkmiðunum til dæmis bækur eins og *Ein jörð fyrir alla um ókomna tíð*. Á netinu notum við <http://www.heimurinn.is/> ásamt vefrallý sem Bolette vann sérstaklega fyrir Þjórsárskóla. Lagt var til að við höfum það að markmiði á næsta ári að skoða betur innkaup, það er málaflokkur sem við getum bætt okkur í.

Það er mat nefndarinnar að þau markmið sem sett voru í haust hafi náðst eða náist nú í vor. Einnig hefur verið farið yfir skrefin sjö. Á þeim forsendum sækir Þjórsárskóli um að fá að endurnýja grænfanann.

Sýnishorn af fundargerðum umhverfisnefndarinnar

Fimmtudagur 1.nóv. 2007 kl.11:25

Umhverfisnefndarfundur

Mættir voru Hannes, Jón Karl, Ágúst, Díana og Bolette

1. Farið yfir umhverfissáttmálann, og hann lesinn yfir. Sagt var frá að eldri borgari í sveitinni hefur tekið að sér að fræða okkur um breytingar sem sveitin hefur farið í gegnum.
2. Stungið upp á að við reynum að gefa fuglunum í vetur og jafnvel að búa til hús handa þeim.
3. Rætt um moltutunnuna og fyrirkomulag á að hræra í henni.
4. Rætt um ruslatínluna sem hefur farið fram í haust. Þar sem hver hópur hafði sitt svæði umhverfis skólann.
5. Næsti fundur verður fimmtudaginn 8. nóv. þar á að fara yfir gátlistann.

Fundi slitið kl.12:00

Fimmtudagur 10. jan. 2008 kl.11:10

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Hannes, Jón Karl, Ágúst, Díana og Bolette

1. Rætt var um væntanlega heimsókn Erlings Loftssonar fimmtudaginn 17. jan.
2. Rætt var um bleytu í moltutunnunni og hvað er hægt að gera.
3. Ákveðið að taka pappír úr pappírstætara skólans og bæta í moltutunnuna.

4. Farið út og liður 3 framkvæmdur.
5. Ákveðið að halda fund næst þriðjudaginn 15. jan.

Fundi slitið kl.11:30